

Umhverfisstofnun  
Áb. BS  
01 DES. 2004  
54.3  
Tilv. UST2004/100149



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Tel: (+354) 591 2000

Fax: (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

25. nóvember 2004  
Tilvísun: UST20041100149/bs

### 420 kW Árteigsvirkjun, Þingeyjarsveit.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19 nóvember sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Rennsli Nípár hefur verið virkjað með áþekktum hætti og nú er fyrirhugað a.m.k. frá árinu 1981. Fyrirhuguð virkjun mun að hluta nýta þau mannvirki sem fyrir eru lítt breytt, en þar er m.a. um að ræða stíflu, skurð að inntakslóni og inntakslón. Þrýstipípa verður grafin niður samsíða þeirri pípu sem fyrir er. Nýtt stöðvarhús 35-40 m<sup>2</sup> verður reist nærri núverandi stöðvarhúsi. RARIK mun leggja jarðstreng að stöðvarhúsi.

Umhverfisstofnun telur að betur megi ganga frá ummerkjum eftir skurðgröft, en fram kemur á ljósmynd af núverandi stöðvarhúsi. Stofnunin telur að gögn framkvæmdaaðila gefi nokkuð góða mynd af fyrirhugaðri framkvæmd.

Framkvæmdasvæði fyrirhugaðrar virkjunar hefur þegar verið raskað við sambærilegar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð 420 kW virkjun í Nípá muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér eins og framkvæmdinni er lýst í gögnum Raflæks ehf.

Virðingarfyllst,

  
Björn Stefánsson

  
Helgi Jónsson